

# STAÐA EFNAHAGS- OG KJARAMÁLA

ÞJÓÐHAGSRÁÐ, 9. FEBRÚAR 2022



## Staðan er brothætt

Standa þarf vörð um það sem hefur áunnist svo líf skjör haldi áfram að batna

### Tjón hagkerfisins vegna faraldursins hleypur á hundruðum milljarða króna

Hagvexti er spáð næstu ár en tjónið af völdum faraldursins hleypur á hundruðum milljarða króna. Áhrifin á ríkissjóð hafa einnig verið veruleg. Áætlað er að afkoma ríkissjóðs verði neikvæð allt til ársins 2026 með tilheyrandi skuldaaukningu. Verðbólga hefur aukist en gert er ráð fyrir að hún hjaðni á árinu. Gengisstöðugleiki hefur verið óvenjumikill m.v. fyrri efnahagsáfall m.a. vegna inngripa Seðlabanka á gjaldeyrismarkaði.

### Laun á Íslandi eru með þeim bestu sem þekkjast og kaupmáttur vaxið þrátt fyrir efnahagsáfall

Atvinnuleysi jókst verulega í faraldrinum en hefur minnkað mjög frá því sem verst lét. Það mælist þó enn meira í öllum greinum en í árslok 2018. Kaup og kjör hér á landi eru með þeim bestu sem þekkjast á heimsvísu og hefur ánægja með líf skjör farið vaxandi undanfarin ár. Þrátt fyrir efnahagsáfall hefur kaupmáttur launa aldrei verið meiri og hafa því verið talsverðir fólksflutningar til landsins. Íbúafjölgun mun krefjast aukinnar húsnæðisupbyggingar.

### Hluttur launafólks í verðmætasköpun er hvergi meiri en hér

Launahlutfallið hefur farið hækkandi seinustu ár og er hluttur launafólks í verðmætasköpun sá stærsti í heimi hér á landi. Vaktaálagsgreiðslur eru mun hærri hér en á hinum Norðurlöndunum sem þrýstir niður grunnlaunum og eykur launakostnað. Þá hefur launavísitala hækkað umfram það sem almennt er talið vera svigrúm til, þ.e. framleiðnivöxt að viðbættu verðbólgu markmiði Seðlabankans. Talsverð verðbólga mælist nú sem setur þrýsting til vaxtahækkana.

### Atvinnulífinu er treyst fyrir hagvexti komandi ára en er í harðri samkeppni við hið opinbera um starfsfólk


Hið opinbera leiðir nú launapróun og er í virkri samkeppni við almenna markaðinn um starfsfólk. Launakostnaður er að sliga rekstur sveitarfélaga enda hafa laun starfsmanna sveitarfélaga hækkað langt umfram Lífskjarasamning og vaktaavinnuálög hækkað meira hjá ríki og sveitarfélögum en á almenna markaðinum. Þar að auki var stytting vinnuviku opinberra starfsmanna langt umfram almennan markað.

## Áhrif faraldurs á hagkerfið

Leiðin liggur upp á við en tjónið var mikið og varanlegt með tilheyrandi áhrifum á ríkissjóð og vinnumarkað. Verðbólga hefur færst í aukana.

### Hagvaxtarspár

%




### Verðbólguþspár

%



### Atvinnuleysisþspár\*

%



■ Hagstofa Íslands ■ Seðlabanki Íslands ■ Greiningardeildir bankanna

\*Meðaltal birtra spáa greiningardeilda fyrir atvinnuleysi

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og greiningardeildir bankanna



## Þó hagvexti sé nú spáð er tjónið mikið og að því er virðist varanlegt

Áður spáðri landsframleiðslu hefur seinkað um u.þ.b. tvö ár


### Tjón hagkerfisins hleypur á hundruðum milljarða króna

- Þó að hagvöxtur sé í kortunum er áætluð landsframleiðsla á árunum 2020-2024 á bilinu 120-220 milljörðum minni árlega en áætlað var áður en faraldurinn skall á.
- Tjónið er einkum til komið vegna mikils samdráttar í ferðaþjónustutengdum greinum á borð við rekstur veitinga- og gististaða. Einnig mældist verulegur samdráttur í fjárfestingu á árinu 2020.
- Ljóst má vera að þær forsendur sem lágu til grundvallar Lífskjarasamningi sem undirritaður var í apríl 2019 brustu innan við ári síðar.

Miðað við fyrirbyggjandi spár má gera ráð fyrir að landsframleiðsla á samningstímabilinu 2019-2022 verði um 500 milljörðum minni að raunvirði en gert var ráð fyrir við undirritun samnings.

### Landsframleiðsla

Spá áður en faraldur skall á í samanburði við rauntölur og spá eftir faraldur





## Áhrifin á ríkissjóð hafa einnig verið veruleg

Áætlað er að afkoma ríkissjóðs verði neikvæð á hinu fimm ára tímabili fjármálaáætlunar

### Aðgerðir yfirvalda hafa grundvallast á lántöku


- Rekstur ríkissjóðs var þegar í jörnum áður en heimsfaraldurinn skall á. Því var ekkert svigrúm til að bregðast við efnahagslegri niðursveiflu þó svigrúm hafi verið til að auka við skuldsetningu. Allar aðgerðir hafa því grundvallast á aukinni lántöku. Skuldir ríkissjóðs hafa nú aukist hratt og munu halda áfram að vaxa a.m.k. út árið 2026.
- Mikilvægt er að hafa í huga að þó skuldahlutfallið sé enn nokkuð hóflegt í samanburði við mörg önnur lönd er vaxtabyrðin engu að síður þyngri hér en í samanburðarríkjum. Með aukinni skuldsetningu og hækkandi vaxtastigi mun hún koma til með að aukast enn frekar. Aukin vaxtabyrði skilur eftir minni fjármuni til að veita í nauðsynlega grunnþjónustu og fjárfestingu.



Varast ber síaukna lántöku til að fjármagna undirliggjandi hallarekstur. Ekki er hægt að treysta á lágt vaxtastig til framtíðar.

### Afkoma ríkissjóðs og frumjöfnuður

% VLF






## Skuldir munu halda áfram að vaxa a.m.k. út árið 2026

Með tilheyrandi auknum vaxtakostnaði

### Heildarskuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu

% VLF

Fjármálaáætlun 2022-2026 Fjármálastefna 2022-2026





## Verðbólga hefur farið talsvert fram úr þeim spám sem lágu fyrir áður en faraldurinn hófst


Greiningaraðilar vænta þess að verðbólgan hjaðni á árinu en hún hefur verið meiri og þrálátari en vænst var

### Verðbólga mælist nú fyrir utan vikmörk verðbólguþröngunar Seðlabankans

- Spár fyrir faraldur gerðu ráð fyrir að verðbólga héldist við verðbólguþröngun Seðlabankans út spátímabilið.
- Í kjölfar faraldurs lögðust sterkir framboðs- og eftirspurnarkraftar á eitt til að auka á verðbólgu. Ýmsar aðgerðir yfirvalda til að styðja við eftirspurn hafa aukið á verðbólguþröngun. Þá juku vaxtalækkningar Seðlabankans verulega eftirspurn eftir húsnæðislanum og er nú svo komið að húsnæðisliðurinn knýr áfram verðbólgun. Einnig hefur ýmiss konar röskun á framleiðslu og flutningum hækkað verð á hrávöru og aðföngum.
- Vonast er til þess að um tímabundna verðbólguþröngun sé að ræða og að verðbólgan taki að hjaðna í átt að markmiði Seðlabankans síðar á þessu ári. Verðbólgan hefur þó verið meiri og þrálátari en gert var ráð fyrir og mikil óvissa ríkir um þróunina.
- Þá ber að nefna að gengi krónunnar hefur einnig áhrif á verðbólguþróun.

### Mæld verðbólga og spár fyrir og eftir faraldur

12 mánaða ársfjórðungsleg verðbólga (%)





## Gengi krónunar hefur verið tiltölulega stöðugt þrátt fyrir hrun í útflutningi

Innflutningur dróst saman á móti en Seðlabankinn hefur einnig verið virkur þátttakandi á gjaldeyrismarkaði

### Gengissveiflur hafa verið minni en við fyrri efnahagsáföll

- Þegar heimsfaraldurinn skall á myndaðist þrýstingur til veikingar krónu, bæði vegna hruns í einni af helstu útflutningsstoðum landsins, ferðaþjónustu, en einnig vegna fjármagnsflóttu erlendra aðila.
- Í kjölfar fjármálaáfallsins safnaði Seðlabankinn myndarlegum gjaldeyrisvaraforða sem hefur gert honum kleift að draga úr sveiflum á gjaldeyrismarkaði. Minni sveiflur á gengi krónu eru almennt til þess fallnar að draga úr sveiflum í almennu verðlagi.
- Með jákvæðum fréttum af tilkomu bóluufnis jókst bjartsýni og aukið jafnvægi skapaðist á gjaldeyrismarkaði. Að undanfögnu hefur jafnvel frekar verið um styrkingarþrýsting að ræða.

### Gengisvísitala

Vísitala meðalgengis, viðskiptavog þröng







## Seðlabankinn hefur verið virkur þátttakandi á gjaldeyrismarkaði

Í upphafi keypti SÍ krónur til að sporna gegn veikingu krónu en nú hefur staðan snúist við að einhverju leyti


### Afskipti Seðlabankans voru veruleg í upphafi en fara minnkandi

- Seðlabankinn hefur stutt við gjaldeyrismarkað með verulegum inngripum en frá því faraldurinn hófst hefur bankinn að meðaltali borið ábyrgð á um fjórðungshlut viðskipta á gjaldeyrismarkaði.
- Framan af studdi Seðlabankinn við krónuna með kaupum á gjaldeyri en frá sl. sumri hefur bankinn fremur verið að sporna gegn styrkingu krónu.
- Afskipti Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði hafa þó farið minnkandi eftir því sem dregur úr óvissu varðandi þróun faraldurs og meira jafnvægi næst á markaði.
- Spá Seðlabankans gerir nú ráð fyrir að gengi krónunnar muni haldast nokkuð stöðugt næstu misserin. Gert er ráð fyrir að raungengið hækki lítillega (2,5%) til 2024 en raungengið er nú þegar óvenjulega hátt m.v. upphaf uppsveiflu.

**Sú staða gæti gert útflutningsgreinum erfiðara um vik að vaxa hratt.**

### Velta Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði

Sem hlutfall af heildarveltu (%)




## Staðan á vinnumarkaði

Þrátt fyrir niðursveifluna hefur aðflutningur vinnuafis verið mikill, enda hefur kaupmáttur launa aldrei verið meiri og líf skjör hér á landi almennt með þeim bestu sem þekkjast á heimsvísu.

## Fólksflutningar

Fjöldi aðfluttra umfram brottfluttra






## Faraldurinn kom misjafnlega við atvinnugreinar en atvinnuleysi jókst í öllum greinum

Atvinnuleysi hefur dregist mjög saman frá desember 2020 en er þó enn töluvert meira en það var í desember 2018

### Breyting í atvinnuleysi eftir atvinnugreinum

Fjöldi atvinnulausra, margfeldi frá desember 2018






# Íslenskur vinnumarkaður einkennist af háu hlutfalli launafólks í stéttafélögum

Hlutfallið er hvergi hærra á heimsvísu

## Hlutfall launafólks í stéttarfélögum er hvergi hærra en á Íslandi

%






## Meðallaun og lágmarkslaun eru óvída hærri þó leiðrétt hafi verið fyrir kaupmætti

Erlent verkafólk leitar því hingað í leit að betri lífskjörum


### Meðallaun eru nær hvergi hærri en á Íslandi

Meðallaun árið 2020 innan OECD. (Þús. USD PPP – M.v. gengi gjaldmiðla þann 4. feb. 2022)



### Lágmarkslaun eru nær hvergi hærri en á Íslandi

Lágmarkslaun árið 2021 innan OECD. (Þús. USD PPP – M.v. gengi gjaldmiðla þann 4. feb. 2022)






## Tekjujöfnuður er nær hvergi í heiminum meiri en á Íslandi

### Tekjujöfnuður er einn sá mesti í heimi

Gini stuðull. Mv. ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (2018)





## Ánægja með lífskjör hefur farið vaxandi undanfarin ár


Samhliða velja sífellt fleiri starfsöryggi fram yfir góð laun

Mjög sammála Frekar sammála Frekar ósammála Mjög ósammála




### Sífelld fleiri eru ánægðir með lífskjör sín

“Ég er fullkomlega ánægðu(ur) með lífskjör mín”



### Starfsöryggi skiptir sífellt meira máli

“Starfsöryggi mitt er mér meira virði en góð laun”





## Kaupmáttur launa hefur farið stigvaxandi frá árinu 2010


Kaupmáttur launa óx um 7% á milli áranna 2019 og 2021

### Þrátt fyrir efnahagsfall hefur kaupmáttur launa aldrei verið meiri

- Þegar efnahagsföll dynja á má gera ráð fyrir að kaupmáttur skerðist, eins og raunin varð í kjölfar fjármálahrunsins. Hins vegar hefur kaupmáttur launa haldið áfram á aukast í kórónukreppunni.
- Laun hafa hækkað verulega en verðbólga ekki aukist jafnmikið, enn sem komið er.
- Launafólk hefur því ekki upplifað kaupmáttarskerðingu. Á sama tíma hafa yfirvöld beitt ýmsum efnahagsaðgerðum til að styðja við fjárhag heimilanna í faraldrinum, sér í lagi þeirra sem hafa orðið fyrir atvinnumissi.

### Vísitala kaupmáttar launa

Breyting launavísitölu umfram breytingu á vísitölu neysluverðs (Vísitala = 100 árið 2000)








## Fólksflutningar til landsins voru miklir þrátt fyrir faraldurinn

Og er búist við enn fleirum á næstu árum, enda eru lífskjör hér á landi með besta móti

### Fólksflutningar

Fjöldi aðfluttra umfram brottfluttra





## Aðflutningur vinnuafls krefst aukinnar íbúðauppbyggingar

Skortur er á hagkvæmu húsnæði: Frumforsenda er að byggja meira, hraðar og hagkvæmar

Sterkir eftirspurnarkraftar hafa verið að verki undanfarin ár með vaxtalækkunum, auknum kaupmætti, sértækum úrræðum og mikilli fólksfjölgun. Ekki hefur verið byggt nægilega mikið til að mæta þessari þörf sem hefur leitt til mikilla verðhækkana og uppsafnaðrar íbúðaparfar.

### Til þess að byggja...



**Meira**



**Hraðar**



**Hagkvæmar**


þarf að..

- auka lóðaframboð
  - bæta yfirsýn yfir þarfir markaðarins með traustum gögnum
- 
- bæta ferli skipulagsmála
  - einfalda regluverk
  - stuðla að skilvirkari stjórnsýslu
- 
- gera sveigjanlegri skipulagsskilmála
  - móta skynsamlegri byggingarreglugerð

## Launaþróun

Laun hafa vaxið umfram framleiðni að undanförmu. Hluttur launafólks í verðmætasköpun er hvergi meiri.

### Svigrúm til launahækkana og hækkun launavísitölu





## Hluttur launafólks í verðmætasköpun þjóðarbúsins er hvergi meiri en á Íslandi


### Launahlutfall – alþjóðlegur samanburður

Launahlutfall = Launakostnaður sem hlutfall af vergum þátttekjum (2020 eða 2019)



#### Hvað er launahlutfall?

Launahlutfall er mælikvarði á hvernig virðisaukinn skiptist milli launþega og fjármagnseigenda. Hækkun launahlutfalls bendir til þess að launagreiðslur aukist hraðar en arðsemi rekstrar. Hátt launahlutfall dregur úr samkeppnishæfni, fjárfestingu og hagvexti til framtíðar.






## Launahlutfallið hefur þokast upp á við seinustu ár

Hlutfallið er misjafnt eftir atvinnugreinum en hefur jafnan verið hæst í verslun og ferðapjónustutengdum rekstri

### Launahlutfall atvinnugreina

Launahlutfall = Launakostnaður sem hlutfall af vergum þátttekjum






## Launahlutfallið hefur hækkað í flestum atvinnugreinum undanfarinn áratug


Launahlutfallið hefur alls hækkað um 9,2 prósentustig á tíu árum

### Breyting í launahlutfalli atvinnugreina milli 2010 og 2020

Launahlutfall = Launakostnaður sem hlutfall af vergum þátttekjum



### Hluttur atvinnugreina í fjölgun starfandi milli 2010 og 2020





# Íslenski álagavandinn þrýstir niður grunnlaunum og eykur launakostnað

Fyrirkomulagið á stóran þátt í óleiðréttum launamun kynjanna

**Álagsgreiðslur:** Flóknari, ósveigjanlegri og dýrari en á Norðurlöndum

## 1 Stutt og ósveigjanlegt dagvinnutímabil:

- Dagvinnutímabilið á Íslandi er styttra og ósveigjanlegra en á Norðurlöndunum. Yfirvinna er greidd fyrir vinnu utan dagvinnutíma óháð vinnuskilum sem jafnast ekki út yfir tíma ólíkt því sem þekkist í öðrum löndum þar sem yfirvinna er einungis greidd fyrir vinnu umfram vinnuskyldu.

## 2 Vaktaálög talsvert hærrí en á Norðurlöndum

- Til viðbótar við þröngt skilgreint dagvinnutímabil eru vaktaálög hér á landi talsvert hærrí en á Norðurlöndum þar sem vaktaálög eru í formi krónutalna en ekki prósentu ofan á tímakaup.
- Þetta séríslenska fyrirkomulag veldur því að álagsgreiðslur eru langt umfram það sem þekkist á Norðurlöndum. Tiltekin störf, t.a.m. í veitingageiranum og ferðaþjónustu, þar sem mikið er um vinnu utan dagvinnutímabils eru því talsvert dýrari hér en annarsstaðar.

## 3 Yfirvinnukaup hlutastarfsmanna utan dagvinnutíma:

- Óeðlilegt er að hlutastarfsmenn fái yfirvinnukaup þegar unnið er utan dagvinnutíma án þess að hafa unnið umfram fulla vinnuskyldu.
- Eftirvinnuálag líkt og í VR-samningum er til bóta en þó mun dýrara en fyrirkomulag annarra Norðurlanda.

## 4 Álagsgreiðslur þrýsta grunnlaunum niður:

- Há álagshlutföll og ósveigjanleg vinnutímaákvæði þrýsta niður grunnlaunum/lágmarkslaunum á Íslandi miðað við önnur lönd.

## 5 Álagavandinn skýrir stóran hlut óleiðréttis launamunar kynjanna:

- Þar sem konur eru almennt líklegri til að vinna einungis dagvinnu og fá minni álagsgreiðslur en karlmenn er ljóst að fyrirkomulag álagsgreiðslna skýrir stóran hlut í óleiðréttum launamuni kynjanna hér á landi



## Launavísitala hefur vaxið talsvert umfram framleiðni og verðbólgu að undanfögnu


Verðbólguþrýstingur er þegar til staðar og frekari þrýstingur mun einungis leiða til vaxtahækkana í núverandi kringumstæðum

### Launapróun á að endurspegla framleiðniþróun og ekki hægt að stóla á hagfelldar ytri aðstæður út í hið óendanlega

- Svigrúm til nafnlaunahækkana ræðst af framleiðniaukningu til viðbótar við verðbólguþrýsting til lengri tíma litið. Að jafnaði leiða nafnlaunahækkarnir umfram svigrúms til aukins þrýstings á verðlag.
- Aðstæður seinustu ár hafa þó verið einkar hagfelldar hvað þetta varðar og hefur verðbólga verið óvenju hófleg. Þar hafa ýmsir þættir lagst á eitt s.s. lítil erlend verðbólga, hagfelld þróun hrávöruverðs, gengisþróun og hefur það einkum verið húsnæðisliðurinn sem hefur knúið áfram verðbólguna.
- Þrátt fyrir talsverða hækkun aðfangaverðs nefna atvinnurekendur enn launakostnað sem þann þátt sem líklegastur er til að leiða til verðlagshækkana. Aðfangaverð kemur næst þar á eftir.
- Víða erlendis er að skapast verðbólguþrýstingur vegna sérstakrar stöðu á vinnumarkaði. Áhöld eru því um það hversu tímabundið verðbólguþrýstingur verður í raun. Mikilvægt er að launapróun virki ekki eins og olía á eldinn. Aukinn verðbólguþrýstingur mun einungis leiða til vaxtahækkana í núverandi kringumstæðum.

### Vísitala „svigrúms“ til launahækkana og launavísitala

Vísitala 2009 = 100








## Launapróun umfram svigrúm getur leitt til vaxtahækkana

Ef kjarasamningar endurspeglar ekki svigrúm til launabreytinga í hagkerfinu getur Seðlabankinn þurft að bregðast við

### Meginvextir Seðlabanka Íslands


%





## Lágir vextir eru ein mesta kjarabót heimila

Dæmi um möguleg áhrif 1% vaxtahækkunar á ráðstöfunartekjur heimila




## Leiðandi kjarasamningar hins opinbera

Hið opinbera leiðir nú launaþróun og veitir almenna markaðinum harða samkeppni um starfsfólk.

### Þróun launavísitölu á almennum og opinberum vinnumarkaði

Frá apríl 2019 til ágúst 2021





## Hið opinbera leiðir launapróun eins og oft áður

Almennur vinnumarkaður ætti ávallt að leiða launapróun og opinber markaður að elta hann enda eykst framleiðni, sem skapar svigrúm til aukins kaupmáttar, mest þar.

### Ráðningar og launapróun hjá hinu opinbera þyngja reksturinn í erfiðu efnahagsástandi

Launahækkanir, sem hið opinbera leiðir, þyngja rekstur og skapa verðbólguþrýsting. Það sést skýrt þegar áhrif launapróunar á rekstur ríkissjóðs eru skoðuð nánar:

**Heildarútgjöld ríkissjóðs aukast um 11,4 ma.kr.** milli ára og eru áætluð 1.203,5 ma.kr.

Þar veга þyngst **37,2 ma.kr. launa-, gengis- og verðlagsbreytingar** og eru launabreytingar meira en helmingur þeirrar fjárhæðar.


**Að þessu frátöldum lækka heildarútgjöld ríkissjóðs** um 25,7 ma.kr. eða sem nemur 2,1% að raunvirði milli ára.

“...þungir togkraftar verða til þess að [launatengd] útgjöld hins opinbera aukast enda þótt framleiðni vinnuafis innan opinbera geirans vaxi minna en annars staðar í hagkerfinu. Í þessu ljósi er mikilvægt að huga að því hvað leiðir launahækkanir. **Stjórnvöldum ber að spyrna gegn því að launahækkanir opinbera geirans leiði launamyndun á vinnumarkaði.**”

- Álitsgerð fjármálaráðs um fjármálaáætlun fyrir 2020-2024

### Þróun launavísitölu á almennum og opinberum vinnumarkaði

Visitála apríl 2019 = 100





## Launaþróun hjá hinu opinbera er orðin ósjálfbær

Launagjöld taka til sín sívaxandi hluta af tekjum sveitarfélaga, sem skilur minna eftir til nauðsynlegra fjárfestinga

### Koma þarf böndum á hækkun launagjalda hjá sveitarfélögum

- Á árinu 2010 nam kostnaður sveitarfélaga vegna launa, launatengdra gjalda og breytinga á lífeyrisskuldbindingum 53% af tekjum þeirra. Á árinu 2020 stóð hlutfallið í 60% að meðaltali hjá A-hluta sveitarfélaga.
- Þessi þróun þýðir að æ minna svigrúm er fyrir fjárfestingu og annan rekstur. Ef ekki verður dregið úr launakostnaði mun reynast óumflýjanlegt að auka tekjur, þ.e. hækka skatta og gjöld.
- Miklar launahækkanir og fjölgun stöðugilda búa þarna að baki. Stytting vinnuvikunnar á einnig sinn þátt í skýringunni. Nauðsynleg fjölgun hefur verið í ákveðnum þjónustustörfum á meðan yfirbygging hefur ekki þróast í takti við tímenn. Tækniþróun ætti að gefa tilefni til aukinnar skilvirkni og færri skrifstofufólks en sú hefur ekki verið þróunin.
- Huga þarf að samsetningu vinnuafis á vegum hins opinbera og hvort hún endurspeglir þarfir nýrra tíma. Slík gögn ættu að liggja fyrir og vera aðgengileg almenningi.

### Stefnir í óefni ef sveitarfélög koma ekki böndum á launagjöld

Þorsteinn Friðrik Halldórsson skrifar · 3. febrúar 2022 08:54



Síðustu þrjú ár hefur stöðugildum hjá Reykjavíkurborg fjölgað um 13,5 prósent.

VISIR/VILHELM



## Mikil fjölgun hefur verið á opinberum störfum en fækkun á almennum vinnumarkaði

Fjölgun opinberra starfa getur haft ruðningsáhrif á almennum vinnumarkaði, þyngt opinberan rekstur og takmarkað hagvaxtargetu þjóðarbúsins

### Skýringar óskast á fjölgun opinberra starfa

Fjölgun starfa hjá hinu opinbera hefur verið umfram fólksfjölgun, náttúrulega fjölgun fólks á vinnufærum aldri og langt umfram þróunina á almennum vinnumarkaði á undanförunum árum. Þessi þróun var hafin áður en heimsfaraldur skall á og er því ekki eingöngu honum um að kenna. Ástæða er til að gefa þessu gaum þar sem tryggja þarf að verðmætasköpun á almennum vinnumarkaði geti staðið undir opinberum störfum til lengri tíma litið.


### Rannsóknir hafa sýnt að opinberar ráðningar:<sup>1</sup>

- Dragi ekki úr atvinnuleysi til langs tíma
- Auki byrði í ríkisfjármálum
- Geti dregið úr hagvaxtargetu þjóðarbúsins með því að lækka atvinnustig á almennum vinnumarkaði.

Sérstakt markmið þessarar ríkisstjórnar er að vaxa til velsældar. Vaxtargeta í atvinnulífinu veltur að miklu leyti á samkeppnishæfu rekstrarumhverfi einkageirans og getu hans til að ráða til sín starfsfólk. **Fráleitt væri ef hið opinbera yrði ofan á í samkeppni við almenna vinnumarkaðinn um sérhæft starfsfólk í stórum stíl.** Rýna þarf betur um hvaða störf ræðir og hvað veldur þessari þróun.

### Fjölgun starfandi á almennum og opinberum<sup>2</sup> vinnumarkaði á nýliðnu kjörtímabili

Vísitala = 100 í september 2017





## Einkageirinn er í erfiðri samkeppni við hið opinbera um starfsfólk


Á sama tíma stendur atvinnulífið frammi fyrir því að manna hagvöxt komandi ára.

### Hið opinbera verður að gefa einkageiranum rými til að vaxa

- Frá árinu 2020 hefur einkageirinn skroppið saman og hið opinbera þanist út.
- Þessi fjölgun opinberra starfsmanna er að langmestu leyti varaleg og ekki heimsfaraldri um að kenna.
- Góð laun og önnur kjör umfram almennan vinnumarkað veldur því að þúsundir starfsmanna hafa valið að færa sig yfir til hins opinbera, ekki síst vegna þess að hið opinbera hefur leitt launaþróun á undanföllum árum.
- Ólíklegt er að einkageirinn nái þessu fólki til baka á næstunni, þó þörfin fyrir starfsfólk sé mikil, þar sem starfsfólk er ólíklegt til að flytja sig milli starfa nema talsvert betri kjör bjóðist.
- Á sama tíma er náttúruleg fjölgun fólks á vinnualdri lítil sem engin. Til að manna stöður þarf atvinnulífið því að sækja starfsfólk erlendis frá en það er ekki sérilagi þegar um er að ræða sérmenntað starfsfólk.

### Breyting launasummu og fjölda starfsfólks eftir geirum

Milli 2019 og 2020





## Laun starfsmanna sveitarfélaga hafa hækkað langt umfram Lífskjarasamning

Hér er ekki tekið tillit til vinnutímastyttingar og því samanburður á hreinum launahækkunum eingöngu.

	Almennur markaður	Ríkið	Sveitarfélög
Meðallaun 2018 (ársmeðaltal)	530.000	565.000	481.000
Ef laun hefðu hækkað skv. Lífskjarasamning	66.000	66.000	66.000
<b>Hækkun skv. Lífskjarasamning</b>	<b>12,5%</b>	<b>11,7%</b>	<b>13,7%</b>
Meðalárslaun 2021 (skv. Kjaratölfræðinefnd)	610.000	646.000	590.000
Hækkun launa milli 2018 og 2021	15,2%	14,4%	22,6%
<b>Mismunur á Lífskjarasamningi og rauntölum</b>	<b>2,7%</b>	<b>2,7%</b>	<b>8,9%</b>

Leiðrétt fyrir misháum meðallaunum **hækkuðu regluleg laun hjá sveitarfélögum 6,2% umfram** laun á almennum vinnumarkaði á árunum 2019-2021.





## Til viðbótar var stytting vinnuviku opinberra starfsmanna langt umfram almennan markað

Mismunandi útfærsla virkra vinnustunda í dagvinnu er milli markaða, jafnframt var vinnuvika vaktavinnufólks stytt hjá hinu opinbera en litlar sem engar breytingar gerðar í kjarasamningum SA.



### Ríki og sveitarfélög

#### Dagvinna

- Algengt er að vinnuvika sé stytt um fjórar klst. á viku
- Matarhlé talin til vinnutíma
- Kaffihlé talin til vinnutíma
- Sveigjanleiki tekinn
- Líka útfært þannig að matarhlé teljist ekki til virks vinnutíma og stytting þá 1,5 klst. á viku



### Ríki og sveitarfélög

#### Vaktavinna

- Vinnuvikan styttist úr 40 í 36 virkar stundir en getur orðið 32 stundir að jafnaði.
- Í nýju launamyndunarkerfi fjölgar vaktaálagsflokkum og vægi vinnustunda mismunandi eftir dögum og tíma sólarhringsins sem getur leitt til aukinnar styttingar vinnutíma.
- Jöfnun vinnuskila þýðir að vinnuskylda verður sú sama hjá vaktavinnufólki og dagvinnufólki á viku og mánuði að teknu tilliti til sérstakra frídaga og stórhátíðardaga sem bera upp á virkan dag. Kemur í stað bætingar og helgidagafrís.



### Almennur markaður

#### Verslunar- og skrifstofufólk og iðnaðarmenn

- Stytting um 45 / 65 mín. á viku
- Matarhlé ekki talin til vinnutíma
- Kaffihlé ekki talin til vinnutíma
- Stytting útfærð sem sveigjanleiki eða skipulögð fækkun vinnustunda
- Minni stytting er í öðrum starfsgreinum
- Lítil eða engin stytting í vaktavinnu



## Þá var einnig samið um hækkun vaktavinnuálaga hjá ríki og sveitarfélögum...

Gerðar voru breytingar á vaktaálagsprósentum næturvakta auk þess sem hver klukkustund á tilteknum tíma sólarhringsins telur nú meira upp í vinnuskyldu

	Ríki og sveitarfélög		Almennur markaður
	Álagsgreiðslur	Frímínútur	Álagsgreiðslur
Kvöldvaktir - virkir dagar	33,33%	1,05	33%
Helgarvaktir - frá 8 til 24	55%	1,05	45%
Næturvaktir - virkir dagar	65%	1,2	45%
Næturvaktir - helgar	75%	1,2	45%



## ... sem eru í öllum tilfellum hærrí en á almenna markaðnum

Jafnvel í dagvinnu eru vaktavinnuálög hærrí hjá hinu opinbera en mestu munar um næturvaktaálög um helgar

### Samanburður á vaktavinnuálagi m.v. 300.000 kr. mánaðarlaun:

	Ríki og sveitarfélög	Almennur markaður	Mismunur
Dagvaktir	1.896,0	1.730,8	9,5%
Kvöldvaktir - virkir dagar	2.527,9	2.301,9	9,8%
Helgarvaktir - frá 8 til 24	2.938,8	2.509,6	17,1%
Næturvaktir - virkir dagar	3.128,4	2.509,6	24,7%
Næturvaktir - helgar	3.318,0	2.509,6	32,2%



## Þá var einnig samið um svokallaðan vaktahvata hjá bæði ríki og sveitarfélögum

Engin sambærileg ákvæði er að finna í kjarasamningum SA

### Vaktahvati

Vaktahvati greiðist sem hlutfall mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á launatímabili samkvæmt skiplögðum vöktum innan vinnutímaskyldu.

#### Skilyrði:

- Að minnsta kosti 42 stundir utan dagvinnumarka
- Unnar 2 til 4 tegundir vakta
  - Dagvaktir, kvöldvaktir (33,33%), næturvaktir á virkum dögum og helgarvaktir.
- Að lágmarki 15 stundir í hverri tegund vaktar
- Fjöldi vakta þurfa að vera á bilinu 14 til 19

### Greiddur vaktahvati

Fjöldi vakta	Fjöldi tegunda vakta			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	10,0%	12,5%
17		7,5%	7,5%	12,5%
16		2,5%	7,5%	10,0%
15		2,5%	2,5%	7,5%
14			2,5%	7,5%

„Markmið vaktahvata er að umbuna því starfsfólki sem mætir oft til vinnu og vinnur fjölbreyttar tegundir vakta. Horft er til heilsu og öryggis starfsfólks og þjónustuþega og möguleika til að samþætta vinnu og einkalíf. Vaktahvatinn á einnig að hvetja til þess að öryggissjónarmið séu höfð að leiðarljósi þegar vaktir eru skipulagðar og lengd þeirra sé hæfileg, með það að markmiði að bæta starfsumhverfi og auka gæði opinberrar þjónustu.“

- Betrivinnutimi.is

